

Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar 2011

Haldinn að Jaðri 24. Nóvember kl 20:00

Halldór Rafnsson setti fundinn og bauð félaga velkomna. Minntist hann síðan félagi okkar Jóns Smára Friðrikssonar sem féll frá á árinu.

Dagskrá fundarins var:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns
3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
5. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn - Kosning í nefndir á vegum klúbbsins.
7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál

1. Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Lárusson og ritari Gunnar Vigfússon.

2. Halldór Rafnsson las skýrslu stjórnar og er vitnað til hennar sérprentaðrar.

Viðar Sigurjónsson starfsmaður ÍSÍ á Akureyri tók næstur til máls og kom með viðurkenningu til GA fyrir að vera Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og bar hann kveðjur frá ÍSÍ. Einnig kom Viðar inn á að það eigi að leggja niður starf framkvæmdastjóra íþróttamála hér á Akureyri og sagði hann það sína skoðun að það væri mjög slæmt mál, því það þyrfti sannarlega að vera einhver sem héldi utan um það íþróttastarf, sem er á Akureyri. Afhenti hann síðan skjal og fána um að GA væri Fyrirmyndarfélag og Halldór Rafnsson tók við viðurkenningunni, fyrir hönd klúbbsins, og þakkaði ÍSÍ fyrir góða samvinnu.

3. Arnar Árnason tók næst til máls og lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar kom fram að rekstrartekjur ársins 2011 voru 62.665.737, en rekstrargjöld 63.668.796. Tap varð því 1.003.059 kr án fjármagnsliða. Eftir að hafa tekið tillit til fjármunatekna, fjármagnsgjalda, óreglulegar tekjur og (gjöld) þá reyndist tap ársins 1.460.344 kr. Eignir samtals eru metnar á 57.645.295 kr. Eigið fé er 20.866.052 kr og skuldir samtals 36.779.246. Samtals skuldir og eigið fé 57.645.298 kr. Arnar vakti síðan athygli á því að veltufé frá rekstri var u.þ.b 1,1 milljón á síðasta rekstrarári og það hefur lækkað um 4,4 milljónir á milli ára. Einnig kom Arnar inn á að tekjur af mótum og vallargjöld hafa lækkað. Arnar vakti líka athygli á því að það á eftir að framkvæma fyrir 6,5 milljón af því fé sem klúbburinn var búinn að fá frá Ak-bæ. Langtíma skuldir hækka á árinu um 15 milljónir og er það vegna kaupa á vélum og einnig frágangs við inniaðstöðu í íþróttahöllinni. Einnig taldi Arnar að það hefði komið sér vel fyrir klúbbinn að veitingaaðstaðan var leigð út.

4. Opnað var fyrir umræður um skýrslu formanns og ársreikningana. Engar umræður og var skýrsla formanns og reikningar félagsins samþykktir einróma.

5. Engar tillögur um lagabreytingar voru lagðar fram.

6. Kosningar í stjórn. Fundarstjóri spurði hvort einhverjar fleiri tilnefningar væru aðrar en þær sem koma frá uppstillinganefnd, en svo var ekki. Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn er :

Aðalstjórn:	Formaður:	Sigmundur Ófeigsson	eitt ár
	Varaformaður:	Halla Berglind Arnardóttir	fyrri ár
	Ritari:	Ingi Torfi Sverrisson	fyrri ár
	Gjaldkeri:	Jón Steindór Árnason	fyrri ár
	Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	seinna ár

Tillagan samþykkt samhljóða.

Varamenn í stjórn.	1. Varamaður	Gunnar Vigfússon	fyrri ár
	2. Varamaður	Guðlaug M. Óskarsdóttir	seinna ár

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Vallarnefnd : (GSÍ)

Formaður: Örn Viðar Arnarson
Eyjólfur Ívarsson
Sverrir Þorvaldsson
Magnús Ingólfsson
Kjartan Sigurðsson
Heimir Jóhannsson
Jónas Bjarnason
Jón S. Hansen

Kappleikjanefnd : (GSÍ)

Formaður: Gunnar Vigfússon
Stefán Haukur Jakobsson
Tryggvi Jóhannsson

Forgjafarnefnd (GSÍ)

Formaður: Tryggvi Aðalsteinsson
Stefán Jónsson
Fylkir Þór Guðmundsson

Aganefnd : (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson
Ólafur Búi Gunnlaugsson
Svanhvít Ragnarsdóttir

Í þessar GSÍ nefndir þarf að kjósa á aðalfundi og voru þessar tilnefningar samþykktar samhljóða.

Afreks & unglínganefnd:

Formaður afreksnefndar:

Halla Berglind Arnarsdóttir
Jón Steindór Árnason
Ingi Torfi Sverrisson
Örn Viðar Arnarsson

Formaður unglínganefnda:

Anna Einarsdóttir
Jón Birgir Guðmundsson
Anton Ingi Þorsteinsson
Aníta Jónsdóttir
Tómas Ólafsson
Snorri Bergþórsson
Golfkennari GA

Nýliðanefnd :

Formaður:

Guðlaug María Óskarsdóttir
Eiður Stefánsson
Karl Guðmundsson
Sigurður Samúelsson
Jóhann Ingi Pálsson

Húsnefnd :

Formaður:

Kári Guðmundsson
Ingólfur Bragason
Kári Már Jósavínsson
Jón Vídalín Ólafsson

Artic Open :

Formaður:

Guðmundur Ó. Pétursson
Eygló Birgisdóttir
Kristinn H Svanbergsson
Björn Gíslason
Framkvæmdastjóri GA

Orðunefnd:

Gunnar Vigfússon
Guðlaug María Óskarsdóttir
Framkvæmdastjóri GA

Öldunganefnd:

Formaður:

Haraldur Júlíusson
Sunna Borg
Þórunn Anna Haraldsdóttir

7. Síðan var lögð fram tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs og er hún eftirfarandi:

Fullorðnir einstaklingar	kr	64.500.-
67 ára og eldri	kr	42.500.-
Unglingar. 17-20 ára	kr	35.000.-
Unglingar. 15-16 ára	kr	29.500.-
Unglingar. 14 og yngri	kr	26.500.-

Hjónaafsláttur er 10%

Eindagi árgjalda er 1. maí 2012.

Eftir 1. maí reiknast dráttarvextir á útsenda seðla ásamt 2000.- vanskilagjaldi, sem leggst á síðasta seðil. Hægt verður að greiða með greiðslukorti og dreifa greiðslum. Ganga þarf frá þessu greiðslufyrirkomulagi fyrir 10 jan 2012.

Opnað var síðan fyrir umræður um tillögu stjórnar um árgjöld og Björn Axelsson spurðist fyrir um skápaleigu og fékk þau svör að hún yrði óbreytt. Finnur Bessi spurðist fyrir hvort ætti að taka upp nýliðagjald og Halldór Rafnsson svaraði að það hefði komið vel út að sleppa nýliðagjaldi og það hefðu ekkert færri gengið í klúbbinn á þessu ár. Einng sagði hann að það kæmi að því að setja á inntökugjald eins og stóru klúbbarnir fyrir sunnan. Anna Einarsdóttir spurðist fyrir um systkinaafslátt og Halldór svaraði því til að golfið væri ódýrasta íþróttagreinin á Akureyri sem hægt væri að stunda og það væri lítið svigrúm til frekari lækkana. Rúnar Pétursson spurði því næst um ástæðu á hækkun félagsgjalda og Arnar svaraði og sagði að klúbburinn þurfti meiri peninga og árgjöld undanfarinna ára hafa ekki haldið í við verðbólgu. Síðan var spurt um hliðaraðild og svarið við því er nei, það verður ekki áframhald af því. Tillagan um árgjöldin voru samþykkt samhljóða.

8. Skoðunarmenn ársreikninga voru síðan kosnir Sveinn Pálsson og John Júlíus Cariglia.

Kaffihlé.

9. Önnur mál.

Halldór Rafnsson hóf umræður undir önnur mál með því að fara yfir samskipti bæjarins og GA. Undanfarið hafa þau verið frekar erfið, en vildi meina það að í heildina hafi samskiptin verið nokkuð góð. Einnig kom Halldór inn á það að rekstrarstyrkur til GA, frá Akureyrarbæ, er einungis 7,5 milljón og ekkert hafi neitt gengið til að fá hann hækkaðan þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Halldór benti á það að GA væri best rekna íþróttafélagið í bænum og það væri sín skoðun að við ættum að fá meiri stuðning til að gera róðurinn léttari.

Rúnar Antonsson kom fram og veitti viðurkenningar GA

Holumeistari GA: 1. Tumi Hrafn Kúld
2. Kristján Benedikt Sveinsson
3. Anton Ingi Þorsteinsson

Fyrirmyndarkylfingur GA: Stefanía Elsa Jónsdóttir

Kylfingur GA árið 2011: Ævarr Freyr Birgisson.

Vigfús Ingi spyr hvað miklir peningar séu til framkvæmda á næsta ári og Halldór svara því til að 50 milljónir séu til framkvæmda 2012.

Þórhallur Pálsson spyr um kostnað hjá hönnuði frá því framkvæmdir hófust við völlinn. Arnar svarar og segist ekki hafa nákvæma tölu á því, en Halldór segir að greiðsla til Edwins sé rúmlega 10 milljónir.

Gunnar Vigfússon og Guðlaug Óskarsdóttir veittu silfurmerki GA þeim Halldóri Rafnssyni, Rúnari Antonssyni og Arnari Árnasyni og þökkðu þeim góð störf í þágu klúbbsins.

Sigmundur Ófeigsson tók næstur til máls og þakkaði það traust sem honum er sýnt með að kjósa hann formann klúbbsins og hann hlakkaði til að koma til starfa fyrir GA. Hann tók fram að mikið starf er framundan við að efla klúbbinn og kom inn á að krakkarnir séu eitthvað sem þarf að hlúa sérstaklega vel að og það sé vöxtur í kringum þá.

Hallgrímur Arason tók til máls og þakkaði fráfarandi stjórn góð störf í þágu klúbbsins og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar á næsta ári.

Halldór Rafnsson þakkaði fyrir sig og sagði að hann hefði komið til GA til að ná í pening til klúbbsins og það hefði tekist. Hann kom einnig inn á golfið væri fjölskylduvæn íþrótt og hlakkaði til að fá tíma til að spila völlinn okkar. Síðan óskaði hann nýrri stjórn velfarnaðar í nýju ári.

Fundastjóri bað þess að fundarritari gæti skilaði fundargerð síðar.

Fundargestir 68

Fundi slitið kl. 21:50

Gunnar Vigfússon